

# Látið allar raddir hljóma

„Að mennta er að trúá á breytingar.“

Paulo Freire

## MÁLEFNI



MENNTUN



BORGARAVITUND



BÖRN

## PYNGDARSTIG



STIG 3

## HÓPSTÆRÐ



8–50

## TÍMI



115 MÍNÚTUR

<b>Málefni</b>	Menntun, borgaravitund, börn
<b>Þyngdarstig</b>	Stig 3
<b>Hópstærð</b>	8–50
<b>Tími</b>	115 mínútur
<b>Yfirlit</b>	Verkefnið byggist á umræðum í smærri hópum, og á sameiginlegum fundi allra þátttakenda, þar sem fjallað er um: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Menntun og hvernig hún kemur/kemur ekki til móts við þarfir fólks.</li> <li>• Hlutdeild í ákvarðanatöku.</li> </ul>
<b>Tengd réttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Rétturinn til menntunar.</li> <li>• Skoðana- og tjáningarfrelsi.</li> <li>• Rétturinn til að taka þátt í að stjórna landi sínu.</li> </ul>
<b>Markmið</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að skoða menntakerfið og hvernig það mætir þörfum fólks.</li> <li>• Að efla færni til að taka þátt í lýðræðislegum ákvörðunum í skólum og tómstundaklúbbum.</li> <li>• Að stuðla að réttlæti og þátttöku allra.</li> </ul>
<b>Efniviður</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fjórar stórar pappírsarkir eða flettistöflupappír og pennar fyrir hvern fjögurra manna hóp.</li> <li>• Rissblöð til að þátttakendur geti skrifað niður athugasemdir o.s.frv.</li> </ul>

## Leiðbeiningar

Þetta verkefni er tvískipt: Í fyrri hluta þess (35 mínútur) fara fram umræður um hvers konar menntun þátttakendum finnst æskileg. Í seinni hlutanum (60 mínútur) fara fram umræður um hvernig þróa megi lýðræðiskerfi sem tryggir að fólk geti haft áhrif á menntun sína.

### I. hluti. Hvers konar menntun finnst okkur æskileg? (35 mínútur)

1. Byrjaðu á stuttum almennum umræðum um þann skilning sem þátttakendur leggja í hugtakið „menntun“. Þeir þurfa að gera sér grein fyrir því að menntun er mannréttindi.
2. Fáðu fram sem flestar hugmyndir um jákvæðar og neikvæðar hliðar menntunar með hugflæðiaðferðinni og skrifaðu lykilorðin á flettistöflupappírinn.
3. Segðu þátttakendum að setjast tveir og tveir saman. Gefðu þeim fimmtán mínútur til að meta gildi þess að eiga rétt til menntunar út frá spurningunni um hver það er sem ákveður hvað fólk skuli læra og hvernig.
4. Kallaðu síðan alla þátttakendur saman til að fá fram álit þeirra.

## 2. hluti. Þróun lýðræðiskerfa sem tryggja að fólk geti haft áhrif á menntun sína (60 mínútur)

1. Segðu pörunum að skoða hvernig ákvarðanatataka fer fram í þeirra eigin skóla, háskóla eða klúbbi. Hver ákveður til dæmis hvað er kennt eða hvaða verkefni eru unnin? Hvernig er skólanum, háskólanum eða klúbbum stjórnað? Hvernig eru ákvarðanir um fjárhagsáætlun eða ráðstöfun fjármuna teknar? Hvernig eru stefnumál mótuð og ákveðin? Hve mikil áhrif hefur unga fólk?
  2. Segðu nú pörunum að skipa sér í fjögurra manna hópa. Segðu þátttakendum að hafa í huga að menntun sé mannréttindi og einnig að þeir eigi rétt á að taka þátt í ákvörðunum um málefni sem snerta þá.
  3. Svo skaltu biðja hópana að hugleiða bæði jákvæða og neikvæða þætti þess að lýðræðislega kosnir fulltrúar taki ákvarðanir um menntun þeirra. Sem dæmi má nefna nemendaráð í skólum eða nefnd innan tólmstundaklúbba eða æskulýðsfélaga.
  4. Segðu síðan þátttakendum að velta fyrir sér hvaða fyrirkomulag væri heppilegast í ráðum eða nefndum til að þeir gætu haft áhrif á menntun sína.
  5. Næsta stig er háð því hverjar aðstæður hópsins eru. Ef engin nefnd er í skólanum eða klúbbum ættu hóparnir að koma sér saman um hvers konar nefnd væri æskilegust og hvernig ætti að koma henni á fót. Ef nefnd er starfandi ættu þeir að kanna hvernig hún starfar og gera tillögur um hvernig hún gæti orðið skilvirkari. Kenndu þátttakendum að gera svokallaða SVÓT-greiningu og segðu þeim að þeir fái þrjátíu mínútur til að gera aðgerðaráætlun og skrifa hana á stóra pappírsörk.
  6. Kallaðu hópana síðan saman aftur til að gera grein fyrir niðurstöðum sínum.

### Samantekt og mat

Þegar hér er komið er eflaust búið að ræða um ýmis atriði. Þó er ástæða til að fjalla um verkefnið í heild og hvað læra megi af því, og skipuleggja næstu skref.

- Höfðu þátttakendur gaman af verkefninu? Var það gagnlegt? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?
- Hvers vegna fer ákvarðanatataka fram eins og raun ber vitni? Hverjar eru sögulegar forsendur þess? Þjónaði þetta fyrirkomulag sínum tilgangi á árum áður? Hvers vegna hentar það ekki nú á dögum?
- Hvers vegna þarf stöðugt að endurskoða fyrirkomulag á ákvarðanatökum og starfs-hætti?
- Voru framkvæmdaáætlanirnar sambærilegar?
- Hver var tilkostnaðurinn með tilliti til tíma, fyrirhafnar og fjármuna?
- Voru þær raunsæjar? (Athugið: Gott er að setja markið hátt en það verður að taka eitt skref í einu til að ná því!)

### Ábendingar til leiðbeinanda

Það fer eftir samsetningu hópsins hvernig best er að kynna verkefnið út frá mannréttindasjónarmiðum, þ.e. réttinum til menntunar og réttinum til að taka þátt í ákvarðanaferli. Leiðbeinandi getur beðið þátttakendur að segja frá eigin reynslu eða hafið umræðuna sjálfur.

Lýsingu og útskýringar á SVÓT-greiningunni er að finna í „Aðgerðir“ (3. kafla).

## Lykildagsetning

5. október  
Alþjóðdagur kennara

## Tillögur um framhald

Þátttakendur geta unnið áfram út frá þeim hugmyndum sem kviknað hafa, farið eftir ráðleggingum í kaflanum „Aðgerðir“ á bls. 269 og reynt að beita áhrifum sínum við ákvarðanatökur í skólum og klúbbum.

Ef þeir hafa haft gaman af að velta fyrir sér hvers konar menntun þeir kysu sér, þá kunna þeir að hafa gaman af leiknum „Borgirnar tvær“, á bls. 97, sem gengur m.a. út á það í hvernig borgum fólk vill helst búa.

## Hugmyndir um aðgerðir

Þátttakendur gætu haft samband og efnt til skoðanaskipta við ráð og nefndir í öðrum skólum á staðnum, í landinu eða í öðrum löndum.

## Nánari upplýsingar

### Til hvers er nemendafélag?

Nemendafélagi er ætlað að koma fram fyrir hönd nemenda í málefnum sem varða þá í skólastarfinu. Það er margt sem styður þá hugmynd að stofna nemendafélög og tryggja að þau starfi á skilvirkan hátt.

### Hagsbætur nemenda

Þátttaka í nemendafélagi stuðlar bæði að námsþroska og persónulegum þroska nemenda vegna þess að:

- nemendafélag eflir borgaravitund, pólitískan áhrifamátt og lýðræðisleg viðhorf
- nemendafélag eflir sjálfstraust og persónuleg lífsgildi
- nemendur læra að standa á meiningu sinni gagnvart stjórnendum
- nemendur læra að taka ákvarðanir á sanngjarnan og ábyrgan hátt
- nemendur fræðast um ýmsar staðreyndir lífsins, til dæmis hvernig vinna þarf innan tiltekinnar fjárhagsáætlunar eða með sinnlausum yfirvöldum.

### Almennar hagsbætur

- lýðræðislegir stjórnunarhættir virka betur en einræðislegir því að þeir efla ábyrgðarkennd nemenda og skila því í raun betri árangri
- nemendafélög stuðla að samvinnu, virkja starfsorku og draga úr ferringu meðal nemenda
- nemendafélag getur bætt starfsandann í skólanum: meira traust er borið til kennara, reglur eru settar á sanngjarnari hátt
- nemendafélag er kjörinn vettvangur til að nemendur sjái að starfsfólk skólans hefur tiltekin gildi í heiðri og starfar af heilindum, hver svo sem utanaðkomandi félagslegur og stjórnmalalegur þrýstingur kann að vera.